

FUNDARGERÐ FYRSTA MINJARÁÐSFUNDAR SUÐURLANDS

Um síðastliðin áramót tók til starfa Minjaráð Suðurlands. Samband sunnlenskra sveitarfélaga skipaði 2 fulltrúa í ráðið, Þjóðminjasafnið 2 fulltrúa og Minjastofnun Íslands tvo fulltrúa. Skipað er til fjögurra ára í senn. Minjavörður er sjöundi maður og stýrir fundum.

Minjaráðsfulltrúar eru:

Linda Ásdísardóttir safnvörður í Húsinu, Eyrarbakka. linda@husid.com
Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu. asborg@ismennt.is
Hreinn Óskarsson skógarvörður Suðurlands. Hreinn@skogur.is
Ísólfur Gylfi Magnússon sveitarstjóri Rangárþings eystra. isolfur@hvolsvollur.is
Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Skógasafns. skogasafn@skogasafn.is
Ólafía Jakobsdóttir forstöðumaður Kirkjubæjarstofu. kbstofa@simnet.is
Uggi Ævarsson minjavörður Suðurlands. uggi@minjastofnun.is

Fyrsti fundur Minjaráðs Suðurlands var haldinn í Fjölheimum – gamla Sandvíkurskólanum – á Selfossi þann 24. febrúar 2015 á milli kl 13 og 15:30. Allir fulltrúar mættu nema Ísólfur Gylfi sem var veikur.

Þessi fyrsti fundur gekk ljómandi vel, sumir voru að hittast í fyrsta skipti en aðrir þekktust. Megin inntak fundarins var að skilgreina hinn nýstofnaða vettvang: hver væru markmið og hlutverk ráðsins og með hvaða móti væri skilvirkast að nálgast málaflokkinn. Ekki var tímabært að kynna afmörkuð verkefni þar sem ráðið gæti látið til sín taka heldur frekar að tækla á breiðum grundvelli hver viðfangsefni minjaráðs Suðurlands ættu að vera. Minjavörður hélt inngangskynningu með stuðningi litskyggna um Minjastofnun Íslands og um lagalegt upplegg minjaráða.

Fólk komst á hugarflug:

- Samstaða var um að beina spjótum að grasrótinni, að leita inn á við ef svo má segja, að einblína á nærsamfélagið og fólk í héraði.
- Að vinna með heimamönnum og stofnunum í héraði að minjavernd í stóru samhengi.
- Að koma á koppinn verkefnum sem heimamenn vinna að í félagi við minjaráðið og Minjastofnun Íslands. Verkefnið verði þess eðlis að þau miðist ekki við sérstaka atburði heldur verði unnin jafnt og þétt þannig að afraksturinn verði slikur að jafnt fræðimenn, almenningur sem og stofnanir geti nýtt sér hann. Ákveðinn grunnur verði lagður sem aðrir geti svo tekið upp þráðinn og þrjónað við.
- Nefnt var mikilvægi þess að viðhalda gömlu handverki
- Að skrá örnefni
- Að vakta minjastaði sem eru í hættu af náttúrulegum orsökum
- Að virkja nemendur á hinum ýmsu skólastigum

- Að gangast fyrir stofnun áhugamannasamtaka um ákveðin verkefni eins og t.d. viðhald torfhúsa og hollvinasamtaka um tiltekin málefni eða staði.

Stefnt er að því til að hittast aftur í sumarbyrjun og jafnvel fara í vettvangsferð.

Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands